

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðisins, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að svæði innan reits sem afmarkast af Laugavegi, Katrínartúni, Bríetartúni og Rauðarárstíg (Skúlagarður) verði vistgötusvæði.  
Að Lágholtsvegur verði vistgata.  
Að Drafnarstígur frá Öldugötu verði vistgata.  
Að botnlangarnir Þverás 1-7 og 9-15 verði vistgötur.  
Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.
2. Að stæði á Frakkastíg, vestan götunnar, við Njálsgötu 23 og Frakkastíg 16, verði merkt sem stæði fyrir vöruafhendingu.  
Að stæði austan Frakkastígs, á sama svæði, verði felld niður til að tryggja aðgengi sorphirðu- og neyðarbíla.  
Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 17. maí 2021.*

**Glóey Helgudóttir Finnsdóttir** skrifstofustjóri.